

113. Stjórnarfundur Fenúr

09. nóvember, 2009.

Mætt:

Guðmundur T. Ólafsson, Helga Jóhanna Bjarnadóttir, Ingvar Halldórsson,
Ragna I. Halldórsdóttir.

Staður og stund: Sorpa Gufunes kl 15:00

- HJB tók að sér ritun fundargerðar í fjarveru ritara Guðmundar B. Friðrikss.
- Dagskrá málþings um neyslu og úrgangsmál var yfirfarin og fundarmenn lýstu ánægju með dagskránni. Ragna mun koma áleiðis við Brynhildi Pétursdóttur hjá Neytendablaðinu beiðni um umfjöllun í blaðinu um málefni málþingsins.
- Stefnumótun Fenúr: Rætt var um það hvernig stjórn hygðist taka áfram stefnumótun Fenúr. Ákveðið var að Ragna senda á stjórnarmeðlimi bæði hugleiðingar fráfarandi formanns um áherslur Fenúr sem og samantekt fundar sem haldinn var á Grand Hótel vorið 2009 með félögum Fenúr um málefnið. Ragna mun boða til sérstaks stjórnarfundar um stefnumál Fenúr. Samhliða því mun Ragna leggja fram áætlun um starfsmann í ca. 10 tíma starfi á mánuði fyrir Fenúr og möguleika á útvíkkun núverandi samnings Fenúr við Sorpu um þjónustu.
- Upplýsingar/skrá um fræðigreinar/ greinar um úrgang og endurvinnslu: Umræða kom upp á fundinum um það hvort Fenúr ætti að taka að sér það hlutverk að halda skrá um skrif á Íslandi um úrgangsmál og endurvinnslu. Frekari ákvörðun um málið var vísað til umræðu stjórnar um stefnumál og viðfangsefni Fenúr. Fundarmönnum þótti öll umræða um frekari verkefni Fenúr standa og falla að miklu leyti með því hvort starfsmaður væri að störfum fyrir Fenúr.
- Gjaldskrá fyrir Fenúrmerkin: Ragna kynnti hugmyndir um breytingar að gjaldskrá Fenúrmerkja. Þar sem gjaldskrá fyrir innkaup merkjanna hefur breyst er nauðsynlegt að breyta sölugjaldskránni. Ragna mun senda til stjórnarmanna yfirlit yfir núverandi gjaldskrá og tillögu að breytingum.
- Fenúr fréttir eru að koma út – GTÓ benti á að rétt væri að fram kæmi í grein um þriggja tunnu kerfið kostnaður við kerfið. Aðrir fundarmenn tóku undir það sjónarmið og báðu um lagfæringu á greininni fyrir birtingu.
- Fenúr hefur fengið fund hjá Umhverfisstofnun þann 18. Nóv. 2009 kl. 10. Ragna mun fara auk Helgu og fl. stjórnarmanna ef áhugi er fyrir því.
- Ragna boðar næsta stjórnarfund.

Fundi slitið. / HJB